

Nd.

231. Frumvarp

til laga um, að efnivörur til skipa- og bátasmiða skuli undanþegnar innflutningstollum.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefson, Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Innfluttar efnivörur til skipa- og bátasmiða skulu vera undanþegnar hverskonar innflutningstollum.

2. gr.

Ákvæði laga, er fara í hága við þessi lög, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Greinargerð.

Nú er svo ástatt, að allt efni í skip og báta, og allar vörur, er til þeirra smiða þarf, eru tollaðar. Hinsvegar eru skip og bátar tollfrjálsir. Með tilliti til þess, að skip og bátar (úr tré), sem smiðaðir eru hér á landi, þola fullkomlega samanburð við erlenda framleiðslu á þessu sviði, nær ekki nokkurri átt að tolla nauðsynjar til skipasmiða, en leyfa tollfrjálsan innflutning á skipum og bátum. Til þess að bæta úr þessu misrétti eru tvær leiðir fyrir hendi. Önnur að afnema toll af efnivörum til skipa- og bátasmiða, eins og hér er lagt til að gert verði, hin sú, að leggja jafnan eða hærri toll á skip og báta en nú er á efnivörum í þessa hluti, en eins og nú er ástatt um yfirfærslur á gjaldeyri, má vænta þess, að menn leiti ekki til annara landa um kaup á skipum og bátum, ef þeir geta fengið þessa hluti með svipuðu verði í landinu sjálfu, en þess er að vænta, að svo verði, ef tollur af efnivörinni er afnuminn.